

Mánudaginn 20. september 1965.

Nr. 109/1965. **Einar Bragi Sigurðsson, Kristján Jóhannesson, Sigurjón Þorbergsson, Stefán Pálsson, Haraldur Henrýsson, Ingimar Jónasson og Sigmar Ingvason**

gegn

**Lárusi Jóhannessyni.**

**Dómendur:**

hæstaréttardómaramirnir Einar Arnalds og Logi Einarsson, prófessorarnir Ármann Snævarr og Magnús P. Torfason og Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti.

Kærumál. Vitnaleiðsla. Spurningar eigi leyfðar.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Sóknaraðiljar hafa hinn 24. maí 1965 kært til Hæstaréttar úrskurð bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðinn 14. s. m., þar sem þeim er synjað þess, að lagðar verði nokkrar vitnaspurningar fyrir vitnið Magnús Jónsson bankastjóra. Barst Hæstarétti kærán 15. júní þ. á., og hafa báðir aðiljar sent dóminum greinargerð um kæruatriði.

Sóknaraðiljar krefjast þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómara að bera upp fyrir greint vitni spurningar þær, er í málinu greinir. Þá krefjast þeir og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Kæra máls þessa er heimil samkvæmt 21. gr., 1, c, laga nr. 57/1962.

Samkvæmt ákvæðum 126. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði verða embættismenn og sýslunar eigi krafðir vitnisburðar um það, sem þeir hafa fengið vitneskju um í starfa sínum og leynt á að fara, nema hagsmunir ríkis eða almennings séu í húfi eða sá leyfi, sem með á. Í 2. mgr. 93. gr. laga nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála er kveðið svo á, að opinberir starfsmenn verði eigi krafðir vitnisburðar um þetta efni, nema viðkomandi

ráðherra leyfi, og á það ákvæði hér við samkvæmt undirstöðurökum sínum. Eins og rakið er í úrskurði héraðsdómara, er vitnið Magnús Jónsson krafði vitnisburðar um efni, sem það hefur fengið vitneskju um sem bankastjóri Búnaðarbanka Íslands og ljóst þykir, að leynt eigi að fara, sbr. 3. mgr. 56. gr. laga nr. 115/1941. Leyfisráðherra þess, er í hlut á, sbr. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 48/1960, hefur eigi verið aflað. Þegar af þeirri ástæðu þykir bera að staðfesta úrskurð héraðsdómara að niðurstöðu til.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

#### Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

#### Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 14. maí 1965.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar hinn 30. f. m., hefur Lárus Jóhannesson, fyrrverandi hæstaréttardómari, hér í borg, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni hinn 6. marz 1964, á hendur Einari Braga Sigurðssyni rithöfundu, Bjarnarstíg 4, hér í borg, sem ábyrgðarmanni blaðsins Frjálsrar Þjóðar vegna tilgreindra ummæla í 34., 35., 36., 37. og 38. tbl. 12. árgangs blaðsins, sem út komu dagana 7., 14., 21. og 28. september og 5. október 1963. Eru greinar þessar ýmist ritaðar undir dulnefni eða höfundar er á engan hátt getið. Stefnandi telur hin umstefndu ummæli ærumeiðandi fyrir sig og telur stefnda Einar Braga Sigurðsson bera refsí- og fébótaábyrgð vegna birtingar þeirra sem ábyrgðarmaður blaðsins á þeim tíma, er ummælin birtust. Gerir stefnandi þær dómkröfur, að stefndi Einar Bragi Sigurðsson verði dæmdur til þyngstu refsingar, sem lög leyfa fyrir greinar þessar og fyrir að leggja hann opinberlega í einelti með vísvitandi ósönnum skýrslum samkvæmt ákvæði 2. liðs 232. gr., 234. gr., 235. gr., 236. gr. og 237. gr. almennra hegningarlaga. Þá krefst stefnandi þess samkvæmt ákvæði 241. gr. sömu laga, að hin tilgreindu ummæli verði dæmd dauð og ómerk. Þá krefst stefnandi þess samkvæmt 2. tl. 241. gr. almennra hegningarlaga, að stefndi Einar Bragi Sigurðsson verði dæmdur til að greiða sér kr. 15.000.00 til þess að standast kostnað af birtingu dóms í máli þessu í þeim blöðum, sem að einhverju

eða öllu leyti birtu greinar um hann eftir Frjálsri Þjóð, en þau blöð kveður stefnandi vera Þjóðviljann, Tímann, Alþýðublaðið, Ný vikutíðindi og Mánudagsblaðið hér í Reykjavík og „sjálf-sagt mörg blöð úti á landi, sem ég veit ekki um enn“, eins og segir í kröfugerð stefnanda. Þá gerir stefnandi og þá dómkröfu, að stefndi Einar Bragi Sigurðsson verði samkvæmt ákvæði 22. gr. laga nr. 57 frá 1956 dæmdur til þess að birta væntanlegan dóm í máli þessu „með jafnstórri fyrirsögn og höfð hefur verið stærst í svívirðingargreinunum um mig“, eins og segir í kröfugerð stefnanda. Þá gerir stefnandi þá dómkröfu, að stefndi Einar Bragi Sigurðsson verði dæmdur til að greiða sér skaðabætur vegna hinna umstefndu ummæla, bæði fyrir beint fjártjón eftir almennum reglum svo og bætur samkvæmt 264. gr. almennra hegningarlaga fyrir þjáningar, hneisu og óþægindi svo og fyrir röskum á stöðu og högum, allt að kr. 500.000.00 með 7% ársvöxtum frá birtingardegi stefnu, 6. marz 1964, til greiðsludags. Að lokum hefur stefnandi krafizt þess, að stefndi Einar Bragi Sigurðsson verði dæmdur til að greiða sér málskostnað eftir gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Undir rekstri málsins hefur stefnandi fallið frá kröfu sinni um bætur fyrir fjárhagslegt tjón, en hann heldur fast við kröfu sína um bætur fyrir ófjárhagslegt tjón samkvæmt 264. gr. almennra hegningarlaga og fjárkröfu sína, kr. 500.000.00, sem bætur fyrir það. Í framangreindum eintökum Frjálsrar Þjóðar er Hugins h/f getið sem útgefanda blaðsins. Hefur stefnandi einnig stefnt stjórnendum félagsins, en þá kveður hann vera auk stefnda Einars Braga Sigurðssonar þá Kristján Jóhannesson, Dalbraut 1, Sigurjón Þorbergsson, Lokastíg 4, Stefán Pálsson, Stýrimannastíg 14, og Harald Henrysson, Kamsvegi 12, hér í borg. Einnig hefur stefnandi stefnt varastjórnendum Ingimar Jónassyni, Grettisgötu 77, hér í borg, og Sigmar Ingasyni, Ytri-Njarðvík. Á hendur öllum þessum stefndu gerir stefnandi þær dómkröfur, að þeir verði einn fyrir alla og allir fyrir einn dæmdir til að þola það, að fjárnám verði gert í eignum þeirra fyrir sekta-, skaðabóta- og málskostnaðargreiðslum svo og fyrir greiðslu kostnaðar af birtingu dóms, sem aðalstefndi, Einar Bragi Sigurðsson, kann að verða dæmdur til að greiða í máli þessu, að svo miklu leyti sem greiðslugeta Einars Braga Sigurðssonar hrekkur ekki til fyrir greiðslum þessum. Þá krefst stefnandi og þess, að þessir stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða sér málskostnað að skaðlausu eftir gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Stefnandi hefur

áskilið sér rétt til að stefna síðar þeim stofnendum Hugins h/f, sem ekki eru einnig í stjórn þess, og gera á hendur þeim sams konar kröfur og á hendur félagsstjórninni. Einnig hefur hann áskilið sér rétt til að framkvæma kyrrsetningu á eignum aðalstefnda eða varastefndu undir rekstri málsins.

Af hálfu stefndu eru þær dómkröfur gerðar, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda. Til vara er þess krafizt, að fjárbótakröfur stefnanda á hendur stefndu verði stórlega lækkaðar að mati dómarans og að aðalstefndi, Einar Bragi Sigurðsson, verði einungis dæmdur til að greiða lága fjársekt. Þá krefjast stefndu málskostnaðar úr hendi stefnanda, en til vara, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu. Í greinargerð stefndu kom fram frávísunarkrafa af hálfu svonefndra varastefndu, Kristjáns Jóhannessonar, Sigurjóns Þorbergssonar, Stefáns Pálssonar, Haralds Henryssonar, Ingimars Jónassonar og Sigmars Ingasonar. Fór fram málf lutningur um frávísunarkröfuna hinn 28. maí 1964. Með úrskurði, uppkveðnum hinn 6. júní 1964, var frávísunarkröfunni hrundið.

Verða nú hin umstefndu uummæli rakin:

I. Í 34. tbl. 12. árgangs Frjálsrar Þjóðar, er út kom hinn 7. september 1963.

a) Í greininni „Hæstaréttardómari seldi — Hilmar keypti affallavíxil verkamannsins“, fyrirsögn greinarinnar og ummælin:

1. *Búnaðarbankinn tapar á víxilkaupunum.*

Við athugun á reikningum Búnaðarbankans kemur í ljós, að hann hefur beinlínis tapað á því að kaupa víxil Ágúst Sigurðssonar og konu hans.

2. En þó að hag sparisjóðsdeildar Búnaðarbankans sé þannig komið, að hún sé í raun jafngjaldþrota og aðrir sjóðir bankans voru gerðir með gengisfellingunum, þar sem sparisjóðsdeildin fleytir sér á okurlánum frá Seðlabankanum, er samt viðstöðulaust haldið áfram að kaupa jafnvafasama pappíra og víxil Ágúst Sigurðssonar og konu hans, án athugasemda, sem vissulega var algjörlega óverjandi frá bankans sjónarmiði. Auk þess heldur bankinn áfram að kaupa skuldabréf með 6—7% vöxtum miljónum saman. Hér hlýtur því að vera um að ræða aðra skýringu en þá, sem venjuleg bankaviðskipti byggjast á í siðuðu þjóðfélagi.

### 3. Verðbréfasala Lárusar Jóhannessonar.

Frjáls þjóð hefur um það upplýsingar, að verðbréfasala Lárusar Jóhannessonar hafi haft kvóta í bankanum (eftir öðrum heimildum nær ótakmarkaðan) og alla víxla og verðbréf, sem þessi verðbréfasali kom með, hafi bankinn keypt athugasemda-laust, a.m.k. meðan kvótinn entist, eins og víxil Ágústs Sigurðssonar. Þar er þá fengin skýringin á því, hvers vegna möguleikar Ágústs til að borga, og þörf fyrir lán, eru ekki könnuð af bankans hálfu, þar sem Lárus var seljandinn.

4. Viðskipti Jóhannesar Lárussonar hrl. eru nefnilega framhald á viðskiptum verðbréfasölu Lárusar Jóhannessonar við Búnaðarbankann. Sér þá hver heilvita maður, hverju hér er blátt áfram boðið heim ....

### 5. Við rætur meinsins.

Eins og þessi frásögn ber með sér, hefur lausleg könnun blaðsins, sem væntanlega verður umfangsmeiri fyrir sakadómi, á máli Ágústs Sigurðssonar og sögusviði þess leitt okkur beint að rötum þess meins, sem grafið hefur um sig í þjóðfélagi okkar á verðbólgutímunum. Banki, sem á að vera lyftistöng fyrir bændastéttina, lendir, að því er virðist, í klóm verðbólguþraskara, verðbréfakaupmanna og skuggalegra fjáraflamanna, þó að betur verði greint frá því síðar.

Dæmið mætti setja þannig upp: Fátækur verkamaður í vandræðum veit af fyrri reynslu í banka, að hann fær þar ekki það lán, sem hann þarf, vegna þess að bankinn hefur ekkert fé til að lána, nema með tapi. Í nauð sinni lendir hann hjá verðbréfasala, sem segist verða að taka 65.000.00 kr. afföll af 150.000.00 kr. víxli. Verðbréfasalinn fer með víxilinn upp á kvóta sinn eða sinna í bankanum og fær 150.000.00 kr., þó að bankinn tapi stórfé í vöxtum á viðskiptunum. Og sparisjóðsdeild bændabankans, sem hefði átt að geta styrkt lánasjóði bænda, hefði hún grætt, svo ekki þyrfti að taka þangað gengisfellingarlán, getur ekki gert það, þar sem verðbréfasalar og fleiri hafa ráð hennar í hendi sér, að því er virðist.

Hin botnlausu fjármálaspylling hefur fundið sér neðanjarðarfarveg, eykst og tútnar út, og streymir fram kolmórauð, eins og stórfljót í leysingum.

Í þessu fljóti er íslenzka þjóðin að drukkna, siðgæði hennar og manndómur að kafna. Því heitum við á yfirsakadómara að taka nú á öllu því, sem honum er þezt gefið.

Leggist hinir beztu menn allir á eitt, mætti svo fara, að þjóðin ætti sér enn von, þótt dökkt sé í álinn.

b) Í greininni „Lagaverðir á leið til stjarnanna“, fyrirsögnin og greinin sjálf, sem er svohljóðandi:

Lárus Jóhannesson hæstaréttardómari hefur verið kosinn forseti Hæstaréttar frá og með 1. september s.l. og er þessa dagana ásamt forsætisráðherra handhafi forsetavalds á Íslandi. Í nýútkomnu Blaði lögmanna er frá því skýrt, að Jóhannes Lárusson hafi hinn 13. júlí s.l. öðlazzt réttindi hæstaréttarlögmans. Er ekki örvænt, að hans bíði, er stundir renna, æðsti frami á sviði réttargæzlu og dómsmála, svo staðfastlega sem hann virðist ætla að feta í spor föður síns.

c) Í greininni „Otur skrifar: Stafar almenningi hætta af lögfræðingum?“ ummælin: . . .

Jafnvel dómurum er engan veginn treystandi í þjóðfélagi okkar í dag. Í dómarasætum geta setið hinir verstu bófar, sem aðrir sekir lögfræðingar vita allt um og geta því með hótunum um uppljóstranir neytt til rangdæmis eða eyðileggingar á upplögðu máli gegn lögfræðingi.

d) Í greininni „Banki bænda“ ummælin: . . .

Þann gróða, sem sparisjóðsdeild Búnaðarbankans hefði getað haft, hafa verðbréfabraskarar og affallavíxlasalar hirt, eins og reikningar bankans bera með sér. Hefði sparisjóðsdeildin sjálf fengið þennan mikla gróða verðbólguáranna, hefði hún e.t.v. verið þess umkomin að lána sjálf sjóðunum, þannig að komast hefði mátt hjá hinum erlendu lántökum og þar með gjaldþroti þessara sjóða.

Telur stefnandi ummæli þessi varða við 234. eða 236. gr. almennra hegningarlaga.

II. Í 35. tbl. 12. árgangs Frjálsrar þjóðar, er út kom hinn 14. september 1963.

a) Í greininni „Víxilkaup Jóhannesar. Kaupmaður missti al-eigu sína. Úr viðtali við Magnús Jónsson bankastjóra“, undirfyrirsögnin „Mál Guðmundar Óskarssonar“ og ummælin: . . .

Nú var þess óskað af hálfu blaðsins að mega leggja fyrir bankastjóran eitt nýtt mál, sem blaðið hafði upplýsingar um. Ungur kaupmaður hér í bæ, Guðmundur Óskarsson, átti sumarið 1960 fokhelt verzlunar- og íbúðarhús, skuldlaust. Vantaði hann nú peninga til að geta haldið áfram með bygginguna. Leitaði hann til Búnaðarbankans um, þó ekki væri nema 50 þús. kr. lán út á 1. veðrétt í eigninni, en fékk neitun. Loks neyddist

Guðmundur til þess að fara til Jóhannesar Lárussonar hdl. í júnímánuði 1960. Keypti Jóhannes af honum 250.000.00 kr. víxil. Afföll voru 100.000.00, 2% greiðsla til Jóhannesar fyrir að útvega lánið, og auk þess greiddi Guðmundur vexti og þóknun í sex mánuði. Víxillinn var tryggður með 1. veðrétti í húseign Guðmundar. Samþykkjandi víxilsins var Guðmundur Óskarsson, en kona hans útgefandi. Samið var um að greiða víxilinn niður á ákveðnu árabili. Þegar Guðmundur ætlaði að greiða af víxlinum í desember 1960, tjáði Jóhannes Lárusson honum, að víxillinn væri eign Búnaðarbankans, og kannaðist ekki við að hafa lofað því, að víxillinn skyldi framlengdur. Guðmundur skýrði nú bankastjóra Búnaðarbankans frá málinu, en hann kannaðist ekki heldur við nein loforð um framlengingu. Gat Guðmundur að sjálfsögðu ekki greitt víxilinn, og sat nú við svo búid. Síðar fær Guðmundur boð um að mæta hjá Hilmar Stefánssyni bankastjóra til að ganga frá framlengingu á víxlinum. Tjáði Hilmar þá Guðmundi, að Lárus Jóhannesson hefði samið við bankann um framlengingu og greiðslutíma á víxlinum, en við hann hafði Guðmundur aldrei rætt um það mál. Of langt er að rekja framhald þessa máls að sinni, sem endaði með því, að Guðmundur Óskarsson stóð uppi eignalaus maður. Með tilvísun til greinargerðar bankastjóra Búnaðarbankans liggur fyrir, að Búnaðarbankinn hefur aldrei átt víxla- eða verðbréfavíðskipti við Jóhannes Lárusson hrl. Augljóst virðist því, að Búnaðarbankinn hafi keypt víxil Guðmundar Óskarssonar og konu hans af Lárusi Jóhannessyni, þó að bankinn gæti ekki keypt 50 þús. kr. víxil af Guðmundi sjálfum. Magnús kvað þessi viðskipti til komin fyrir sína tíð í bankanum, og gæti hann því ekki svarað til um þau. Var hann þá að því spurður, hvort skilríki, varðandi þennan víxil, ættu ekki að vera til í bankanum. Kvað hann svo vera. Ýmislegt fleira bar á góma, sem ekki er rúm til að rekja nú.

b) Í greininni „Blaðsjá. Fjárhagsvandræði leyst“ ummælin: ... Athugasemdinni fylgir mynd af kvittun, sem gæti — þótt ófölsuð væri — ekkert leitt í ljós, nema það, hvernig okurlánastarfsemi fer fram: lántakandi telst hafa tekið við einni upphæð og skuldbindur sig til að greiða hana, en fær í hendur aðra og langtum lægri fjárhæð. Blaðið flytur þessa „leiðréttingu“ athugasemdalaust og setur henni fyrirsögn: „Sök er fyrnd, ef nokkur hefði verið.“

c) Í greininni „Ekki okurmál“, fyrirsögnin og ummælin:

Vegna blaðaskrifa um mál Ágústs Sigurðssonar, þar sem það

er kallað okurmál, vill Frjáls þjóð taka ýtarlega fram, að hér er ekki um okurmál að ræða í þeirri merkingu, sem almennt er lögð í það orð. Hér er um miklu alvarlegra mál að ræða en hin svonefndu okurmál, einnig frá lagalegu sjónarmiði.

d) Í greininni „Athugasemd við skýrslu bankastjóra Búnaðarbankans, ummælin: . . .

Vissulega varð ekki hjá því komizt að draga fjárhagsástand bankans á árunum 1959 og '60, þegar hin miklu verðbréfakaup áttu sér stað, inn í þau skrif. Sannar greinargerð bankastjóra Búnaðarbankans og yfirlýsing Seðlabanka Íslands, sem með fylgir, afargreinilega, að hagur sparisjóðsdeildar Búnaðarbankans var vægast sagt heldur bágborinn þessi ár, þó að haldið væri áfram að kaupa víxla og verðbréf af Lárusi Jóhannessyni í mjög stórum stíl, eins og skilríki bankans bera með sér . . .

Við álitum, að hinn stórbætti hagur bankans frá því, sem áður var, geti byggt á því, að nú er lokið kaupum bankans á verðbréfum og víxlum frá Lárusi Jóhannessyni, sem hann kemur með sem þriðji maður, og fleiri slíkum, eins og blaðið hefur fengið upplýst.

e) Í greininni „Ágúst kannast ekki við kvittunina, sem Þjóðviljinn birti mynd af“, ummælin . . .

Ágúst fullyrti, að hann hefði aldrei undirritað neina kvittun til Jóhannesar Lárússonar, varðandi víxilupphæðina, og aldrei undirritað nein plögg, varðandi þetta lánamál, nema víxla og tryggingarbréfið . . .

Síðastliðinn þriðjudag gerist það aftur á móti, að dómsforseti Hæstaréttar, hr. Lárus Jóhannesson, biður um einkaviðtal við einn af ritnefndarmönnum Frjálsrar þjóðar og sýnir honum þá kvittunarseðil þennan. Jóhannes Lárússon hrl. hefur verið erlendis og er enn. Nú má því enn hér við bæta, að enda þótt Ágúst Sigurðsson hefði undirritað kvittun, eins og þá, sem Þjóðviljinn birti mynd af, var slík kvittun engin sönnun fyrir því, að Jóhannes Lárússon hefði ekki tekið 65.000.00 króna afföll af víxlinum, eða ekki fremur en tryggingarbréfið og víxillinn, sem hann undirritaði og hljóðuðu upp á allt aðra upphæð en hann fékk greidda, sbr. það, sem um þetta segir í kæru Ágústs og áður er birt. Þá skal sérstök athygli á því vakin, að í því, sem Þjóðviljinn segir sjálfur um mál Ágústs, þar sem birt er yfirlýsingin frá Sigurðóri B. Gunnarssyni, stendur: „Kvaðst Ágúst hafa kvittað fyrir 150.000.00 kr. láni“. Þetta stendur hvergi í kæru Ágústs, og þetta hefur Ágúst aldrei sagt. Þá

skal einnig vakin sérstök athygli á því, að fyrirsögnin, sem Þjóðviljinn velur sjálfur á umrædda grein, hljóðar svo: „Sök er fyrnd, ef nokkur hefði verið.“ Þetta er marklaust bull og alrangt, en engu að síður athyglisvert, að Þjóðviljinn skuli draga það fram í fyrirsögn á yfirlýsingu frá Sigurpóri B. Gunnarsyni, sem EKKI er lögfræðingur og dálítið óvenjulegur fulltrúi hæstaréttarlögmans, svo ekki sé meira sagt.

Telur stefnandi ummælin undir liðum a, b og d varða við 234. gr. almennra hegningarlaga, ummælin undir lið c telur hann varða við 236. gr. eða til vara 234. eða 235. gr. sömu laga og ummælin undir lið e við 236. gr. sömu laga.

III. Í 36. tbl. 12. árgangs Frjálsrar þjóðar, er út kom hinn 21. september 1963.

a) Í greininni „Nýtt miljónadæmi um viðskipti Búnaðarbankans og verðbréfasölu Lárusar“ fyrirsögnin og greinin í heild, en hún er svohljóðandi:

Bankastjórar Búnaðarbankans hafa fyrir skemmstu gert digurbarkalega grein fyrir því, hversu vel hag Búnaðarbankans sé nú komið. Það mun vissulega vera fagnaðarefni þeim fátæku bændum, sem fram til þessa hafa gengið þar bónleiðir til búðar, er þeir hafa þurft á að halda fjármagni til bygginga og annarra búnaðarframkvæmda. En þótt hagur bankans hafi á undanförunum árum ekki verið svo beysinn ávallt, að unnt væri að sinna kvabbi peningalíttilla bænda að neinu marki, þá mun það mála sannast og vitnast æ betur, að ekki hafi skort þar fé, þegar Lárus Jóhannesson, núverandi forseti Hæstaréttar, þurfti að selja mönnum fasteignir. Undanfarin ár hefur fasteigna- og verðbréfasala Lárusar annazt sölu á nýbyggðum húsum fyrir athafnasama og alþekkta húsameistara hér í borg. Í sambandi við þau viðskipti hefur komið fram, að Búnaðarbankinn hefur verið fús að lána íbúðarkaupendum, svo skipti tugum þúsunda króna hverjum einstökum, ef hinir sömu kusu að kaupa af téðri fasteignasölu. Frjáls þjóð veit sönnur á því, að fasteigna- og verðbréfasala Lárusar Jóhannessonar gat þannig, t. d. á árinu 1958, útvegað til eins og sama stigahússins í Álfheimum 32—36 hart nær 1 miljón króna víxillán hjá Búnaðarbankanum og með þeim þægilegu skilmálum að greiða það niður á 5 árum. Hús þetta byggðu svonefndir Hólakotsbræður, Ingólfur Guðmundsson o. fl. Hefur fasteignasalan raunar ekki farið að öllu dult með lánastarfsemi sína: hefur bæði auglýst hana og sagt frá

lánaskilmálum hverjum sem vildi. Er vart unnt að draga af þessu aðra ályktun en þá, að verðbréfa- og fasteignasala Lárusar Jóhannessonar hafi verið rekin sem eins konar deild úr Búnaðarbankanum, enda bera skilríki bankans það glöggst með sér.

b) Í greininni „Rannsókn í Búnaðarbankanum. Hilmar og Lárus kallaðir fyrir“ fyrirsögnin og ummælin: . . .

Síðast liðinn föstudag var uppi fótur og fit innan bankans, því þá mættu þar dómsforseti Hæstaréttar, Lárus Jóhannesson, og fyrrverandi bankastjóri Búnaðarbankans, Hilmar Stefánsson, til að standa þar reikningsskap gerða sinna hjá bankastjórunum, Stefáni Hilmarssyni og Magnúsi Jónssyni. Það verður því miður að segja, að hér er um ákaflega lítið traustvekjandi málsmeðferð að ræða, þar sem Stefán bankastjóri er sonur Hilmars fyrrv. bankastjóra, og þó að margt gott sé um Magnús bankastjóra, þá er hann þó flokksbróðir Lárusar og Lárus fyrrv. þingbróðir Magnúsar. Hér skal því meira en venjulegan heiðarleika og réttlætisást til, miðað við aldarandann, eins og hann nú er, ef allt á að fara að sköpum.

c) Í greininni „Hvað gerir saksóknari?“ fyrirsögnin og greinin í heild, sem er svohljóðandi:

Frjáls þjóð hefur í síðustu blöðum og þessu lagt á borðið staðreyndir um viðskipti Lárusar Jóhannessonar við Búnaðarbankann, þess eðlis, að fullkomin ástæða virðist til þess fyrir saksóknara að fyrirskipa víðtækari rannsókn á þessum málum öllum en kæra Ágústs Sigurðssonar ein gefur tilefni til. En hvað gerir saksóknari? Almennigur mun fylgjast með því með mikilli athygli.

d) Í greininni „Otur skrifar: Réttarríki eða hvað?“, en hún er svohljóðandi:

Þegar lesin er kæra Ágústs Sigurðssonar, sem birt var hér í blaðinu nýlega, blasir við heldur nóturleg mynd: Fátækur verkamaður þarf á nokkurri fjárhæð að halda til lagfæringar á lítilli íbúð sinni. Verkamaðurinn þekkir af reynslu, að viðhlítandi úrlausnar er ekki að vænta á heiðarlegum viðskiptagrundvelli í bönkum. Þá les hann í Morgunblaðinu sakleysislega auglýsingu um 150.000.00 kr., sem fánlegar séu að láni. Auglýsandinn er Jóhannes Lárusson hdl. En Jóhannes á ekki peningana, heldur einhver huldumaður, sem krefst 65 þús. króna af fjárhæðinni fyrir góðmenskuna eina, því að þar að auki tekur hann af upphæðinni allri venjulega útlánsvexti Búnaðarbanka Íslands, og loks tekur Jóhannes 2% fyrir að útvega lánið. Eftir

eru handa verkamanninum 76 þús. krónur, eða ríflegur helm-ingur þeirrar fjárhæðar, sem hann er skuldbundinn til að greiða með vöxtum á næstu fimm árum. Allt bendir til, að Jóhannes segi það satt, að hann eigi ekki lánsféð; annars hefði honum tæplega verið neitt að vanbúnaði að greiða þessar 76 þúsund-ir strax, þegar gengið hefur verið frá víxli og tryggingar-bréfi. En víxillinn er samþykktur 21. febrúar, seldur í Búnaðar-bankanum 22. febrúar, og næsta dag fær verkamaðurinn sinn skarða hlut greiddan. Þar með er orðið ljóst, að það var fé Bún-aðarbanka Íslands, sem þriðji aðili bauð til láns í auglýsingunni. Bankastjórar Búnaðarbankans hafa lýst yfir, að þeir hafi aldrei og hefðu aldrei keypt víxla eða verðbréf af Jóhannesi Lárus-syni. Hann hefði því ekki getað komið þessum viðskiptum fram aðstoðarlaust í viðkomandi lánastofnun. En þá kemur sá til skjalanna, sem máttugri er, og hjálpar upp á sakirnar: Lárus Jóhannesson, núverandi dómsforseti Hæstaréttar, tekur að sér að selja víxilinn inn á kvóta sinn í Búnaðarbankanum, og Hilmar Stefánsson kaupir hann umsvifa- og athugasemdalaust án þess að kynna sér, hvernig pappírinn sé undir kominn, án þess að tala við lántakandann til að kanna lánsfjárþörf hans og mögu-leika á að standa í skilum. Nú vakna ýmsar spurningar: Vissi Hilmar, að Jóhannes hafði annazt þessi viðskipti og keypti hann fyrir milligöngu Lárusar þau bréf, sem hann hefði aldrei keypt af Jóhannesi sjálfum? Eða keypti Hilmar víxilinn í þeirri góðu trú, að Lárus hefði hér einn um fjallað og mundi standa bank-anum skil á upphæðinni, ef verkamaðurinn reyndist ófær um að standa í skilum? Ef svo hefði verið, hvers vegna gekk hann þá ekki strax að Lárusi, þegar verkamaðurinn hafði sagt honum alla sögu málsins, í stað þess að bjóða honum að greiða víxil-inn á tíu árum? Og þá kemur röðin að Lárusi: vissi hann ekki, að bankinn væri ófús á að kaupa víxla og verðbréf af Jóhannesi, eða hélt hann því af ráðnum hug leyndu fyrir bankastjóranum, að víxillinn væri frá Jóhannesi runninn? Getur kvótahafi í Bún-aðarbanka Íslands refsilaust af stofnunarinnar hálfu skotið inn á kvóta sinn víxlum eða verðbréfum frá þriðja aðila, sem bank-inn vill ekki eiga viðskipti við? Og þá seinast en ekki sízt: ef ákæruatriðið um afföllin er rétt, eins og verkamaðurinn mun nú hafa eiðsvarið fyrir sakadómi, hver sló þá eign sinni á þess-ar 65 þúsundir eða hverjir, ef fleiri voru en einn?

Hlýtur ekki grunur að falla á þá menn alla, sem að þessum viðskiptum stóðu, og þó mestur á þá tvo, sem yfir fénu réðu,

þar sem þeir höfðu ráð Jóhannesar í hendi sér, en hann ekki ráð þeirra? Frjáls þjóð mun ekki taka fram fyrir hendur rannsóknardómarans með því að svara þessum spurningum af eða á. Blaðið vill ekki heldur fullyrða neitt um sekt eða sakleysi neins, sem við þetta mál er riðinn, meðan rannsókn þess er ekki að fullu lokið. En segja verður sem er, að of lítill virðuleika-blær er þá orðinn yfir æðsta dómstóli þúsund ára réttarríkis, þegar maður, sem sjálfur hefur neglt sig jafnrækilega við óglæsi-legt mál og Lárus Jóhannesson hefur gert með því að selja margnefndan víxil og ganga milli manna með kvittanaseðil, sem kærandinn kannast ekki við og almenningur getur ekki skilið, hvaða hlutverki á að gegna, telur það samboðið dómaraheiðri sínum og sæmd Hæstaréttar að sitja þar í dómsforsæti, meðan rannsókn málsins fer fram fyrir sakadómi. Og finnst dómsmálaráðherra ekkert við þetta að athuga? Kapítuli fyrir sig er svo framkoma blaðanna. Morgunblaðið, Vísir, Alþýðublaðið og Tím-inn hafa látið hjá líða að skýra lesendum sínum frá, hvernig mál verkamannsins sé vaxið og tengslum þess við Búnaðarbankann, en þrjú hin fyrrnefndu brugðið Frjálsri þjóð um tilefnislaus rógskrif um stofnunina og ábyrgðarmenn hennar. Þjóðviljinn rekur gang málsins fyrir harða áeggjan þekktis lögmanns í Sósíalístaflökknum, en gín strax á eftir við næsta undarlegri athugasemd frá fulltrúa eins sakbornings og greinargerð frá syni annars, og síðan hefur Þjóðviljinn ekki á málið minnzt, þegar þetta er ritað. Í Mánudagsblaðinu stígur fram sannleikspostuli prímsigndur í tveimur flokkum og flytur varnarræðu fyrir sakborningana frá Grísafelli réttlætisins. Ritstjóri Nýrra vikutíðinda lýsir í dauðans ofboði allri ábyrgð af fyrri skrifum blaðs síns á hendur Frjálsri þjóð og segir frá því blygðunarlaust, að fyrrverandi starfsmaður Búnaðarbankans, Ragnar Ingólfsson, hafi á sinni tíð hrætt sig til að innkalla blaðið og brenna því.

Manni verður að spyrja: Hvað er hér á seyði? Trúa öll þessi málgögn því, að Ágúst Sigurðsson og aðrir, sem svipaða sögu hafa að segja, séu að ljúga sök á hendur mönnum? Eða eru öll þessi blöð múlbundin? Trúa þau því, að ritnefndarmönnum Frjálsrar þjóðar sé það sérstakt áhugamál að ófrægja varnarlausa menn? Hyggjast þau hafa einhvern ábata af því að siga dómstólunum á Frjálsa þjóð fyrir að hafa þorað að segja frá athæfi, sem er svívirðilegt að almenningsáliti, ef satt reynist? Því er að þessu spurt, að blöðin gætu veitt veigamikla aðstoð við rannsókn slíkra mála utan réttar, ef þau vildu og þyrðu. En þau virðast

annað hvort ekki vilja það eða þora, og er hörmulegt til þess að vita.

e) Í greininni „Hvað lásu skattyfirvöldin út úr skattskýrslu Ágústs?“ ummælin: . . .

Hverjum eru svo þessar 65 þúsund krónur færðar til tekna til skatts? Milligöngumaðurinn Jóhannes hrl. telur sig hafa aðeins 2%, eða kr. 3000.00, svo ekki hefur hann farið að telja sér alla þóknunina til tekna. Hefur „Maðurinn“, sem lagði peningana til, og flest bendir til, að sé sá, sem seldi víxillinn í bankann, talið fram eftirstöðvarnar, kr. 62 þúsund? Og fær hann að skipta þeim tekjum niður á 5 ár eða á jafnmörg ár og fórnarlambið fær að skipta gjöldum sínum? . . .

f) Í greininni „Þrístirni“ í þeim hluta blaðsins, er nefnist „Lítið fréttablað“, ummælin:

Hefur úr mörgu horni heyrzt, að óhörð væri að þessu sinni barátta Þjóðviljans fyrir rétti hins fátæka gegn „botndreggjum auðvaldsins.“

Stefnandi telur ummælin undir liðum a–d varða við 236. gr. almennra hegningarlaga eða til vara 234. eða 235. gr. sömu laga. Ummælin undir lið e telur stefnandi varða við 234.—236. gr. almennra hegningarlaga, og ummælin undir lið f telur hann varða við 234. eða 235. gr. sömu laga.

IV. Í 37. tbl. 12. árgangs Frjálsrar þjóðar, er út kom hinn 28. september 1963.

a) Greinin „Nýtt tugmilljónamál. Prentarablokkirnar hafðar að féþúfu“, en hún er svohljóðandi:

Byggingarsamvinnufélag prentara hefur á undanförunum árum byggt fjölda íbúða hér í bæ, m. a. hefur félagið byggt íbúðarblokkir við Nesveg, Hjarðarhaga, Kleppsveg og Sólheima. Íbúðirnar voru seldar ýmsum. Sameiginlegt er með öllum þessum íbúðum, að skuldabréf með ríkisábyrgð voru gefin út vegna þeirra allra, mismunandi há, frá kr. 75 þús. til 200 þús., eða meira í einstökum tilfellum. *Bréfin seld með 30% afföllum.* Stjórnendur byggingarfélagins gáfu húsbyggjendum kost á því að selja þessi bréf fyrir þeirra hönd, og voru söluskilmálar bréfanna þeir, að afföll voru 30% og 2% þóknun fyrir að selja bréfin að auki. Allir íbúðarkaupendur, sem Frjáls þjóð hefur átt tal við, urðu að sæta þessum kostum. Íbúðarkaupendum við Hjarðarhaga a.m.k. var beinlínis tjáð, að verðbréfasala Lárusar Jóhannessonar hefði tekið að sér sölu á bréfunum fyrir félagið.

Auk þess mun sama verðbréfasala hafa selt einhvern hluta af skuldabréfunum vegna íbúða félagsins við Kleppsveg, en skulda- bréf, útgefin vegna íbúðanna við Kleppsveg, námu alls rúm- lega 7 milljónum kr., að því er blaðinu er tjáð. Verðbréfasala vegna allra íbúða félagsins nemur sennilega milljónatugum. Nú hafa a.m.k. allmargir skuldarar sýnt það gáleysi að greiða af þessum skuldabréfum á skrifstofu félagsins, án þess að afborg- un væri færð á skuldabréfið sjálft samtímis, en það ber mönn- um einmitt að fullvissa sig um, að gert sé, og hafa bankar meira að segja birt aðvaranir til manna í þessu efni.

Sönnunargögn fengin. Nú hefur blaðið fengið staðfest, að Búnaðarbanki Íslands hafi keypt á nafnverði þau skuldabréf, sem Lárus annaðist sölu á. Bera þá skilríki bankans með sér, hver selur honum og á hvaða gengi, en bókhald Byggingarsam- vinnufélags prentara ber hins vegar með sér, hvað kom í sjóð þess vegna sölu hvers og eins skuldabréfs, og er það bókhald lögum samkvæmt endurskoðað af trúnaðarmönnum fjármála- ráðuneytisins. Hér ættu því að vera fengin óræk sönnunargögn um þessi viðskipti frá báðum hliðum og sömuleiðis staðfest dæmi, það stærsta, sem blaðið hefur greint frá til þessa, um það, hvers eðlis viðskipti þeirra Lárusar Jóhannessonar og Hilmars Stef- ánssonar hafa verið. Þessu til viðbótar getur blaðið bætt því við, að engin fyrirstaða mun á því af hálfu stjórnar Byggingar- samvinnufélags prentara, að hún léti sakadómara í té allar upp- lýsingar um þessi mál, væri þess óskað af hálfu ákærvalds- ins, ef dæma má af þeim greinargóðu svörum, sem Frjáls þjóð fékk þar, er blaðið leitaði upplýsinga um þetta mál. Og vissu- lega er það óhjákvæmilegt, að rannsökuð verði öll verðbréfa- viðskipti Lárusar Jóhannessonar við Búnaðarbankann, þar sem naumast er við því að búast, að eitt blað geti birt um þau tæm- andi upplýsingar.

b) Greinin „Otur skrifar: Til athugunar fyrir ákærvaldið“, en hún er svohljóðandi:

Óhætt er að fullyrða, að skrif Frjálsrar þjóðar um víxla- og verðbréfavíðskipti Lárusar Jóhannessonar og Búnaðarbankans hafa vakið meiri athygli almennings en venjulegt er. Hefur þakklæti frá lesendum blaðsins blátt áfram rignt yfir það, sam- fara almennum kröfum um, að blaðið skildist ekki við málið, fyrr en réttlætið hefði náð fram að ganga. Almennitur hefur litið svo á, að þessi mál gætu beinlínis ráðið úrslitum um það, hvort sú almenna siðspilling, sem hér hefur grafið um sig í

opinberu lífi að undanfögnu, skyldi móta þjóðfélagið næstu árin og áratugi, eða hvort við getum vænt þess að búa í raun í siðmenntuðu réttarríki. Blöðin þegja. Þá hefur almenningur verið sem þrumu lostinn yfir því, hvernig þau blöð, sem almennt hafa notið trausts sem málsvarar velsæmis og réttlætis, hafa þagað um þessi mál og þær bláköldu staðreyndir, sem Frjáls þjóð hefur lagt fram. Enginn vefengir. Það hefur heldur ekki farið fram hjá neinum, að enginn þeirra, sem Frjáls þjóð hefur nafngreint sem viðriðna þessi mál með einu eða öðru móti, hefur reynt að mótmæla, hvað þá hrekja skrif blaðsins. Það eru aðeins bankastjórar Búnaðarbankans, sem senda öllum blöðum mótmælaorðsendingu, þegar þeir skilja skrif Frjálsrar þjóðar á þann veg, að blaðið sé að halda því fram, að hagur bankans nú sé slæmur. Hefði blaðið haldið þessu fram, var það vissulega vefengjanlegt, og þess vegna mótmæla bankastjórnir. Það er svo annað mál, að þessi túlkun bankastjórnanna á skrifum blaðsins var röng.

*Viðskiptin stöðvuð.* Blaðið hefur sagt, að Búnaðarbankinn kaupi ekki lengur víxla og verðbréf frá Lárusi Jóhannessyni. Því hefur enginn mótmælt. Hvernig stendur á því, að Magnús Jónsson lokar fyrir viðskipti Lárusar, um leið og hann fær aðstöðu til, af ekkert var við þau að athuga, ef þau voru eðlileg og hagkvæm fyrir bankann og frá sjónarmiði bankastjórnarinnar? Blaðið hefur skýrt frá því, að bankastjórnin hafi talið „ekki óeðlilegt“, að Lárus kæmi heim frá útlöndum, þegar eftir að það birti kærú Ágúst Sigurðssonar á hendur Jóhannesi Lárussyni og Búnaðarbankanum. Þetta þýðir á máli almennings, að bankinn hafi gert ráðstafanir til þess, að Lárus yrði kallaður heim frá útlöndum, og talið það jafnvel nauðsynlegra en að láta kalla Jóhannes heim, sem þó var kærður í málinu. Þessu hefur enginn mótmælt, en bankastjórnir lýst því yfir, að bankinn hafi engin viðskipti átt við Jóhannes Lárusson hrl.

*Mál Guðmundar.* Blaðið hefur skýrt frá því, að Guðmundur Óskarsson, fyrrv. kaupmaður, hafi selt Jóhannesi Lárussyni 250 þús. króna víxil árið 1960 með 100 þús. kr. afföllum, að Búnaðarbankinn hafi keypt þennan víxil og muni skilríki bankans bera það með sér, að Lárus Jóhannesson hafi selt bankanum þennan víxil. Þessu hefur enginn mótmælt, hvorki bankastjórn Búnaðarbankans, Lárus Jóhannesson né Sigurbór Breiðfjörð Gunnarsson, sem kallar sig fulltrúa Jóhannesar Lárussonar hrl.

*Ákærvaldið.* Og saksóknari hreyfir sig ekki út af þessu máli,

svo vitað sé. Þó veit að sjálfsögðu enginn betur en saksóknari, að embætti hans var stofnað í því skyni fyrst og fremst, að gæta réttlætisins og uppræta spillingu betur en áður var, og því fremur, ef hátt settir trúnaðarmenn ríkisins eiga í hlut. Og nú er spurt: Hversu lengi á þessi þögn hinna „ábyrgu“ blaða og aðgerðarleysi saksóknara til að ganga? Þó að Frjáls þjóð geti að sjálfsögðu aflað sér upplýsinga utan réttar og birt þær, hefur hún þó ekki vald til að dæma. Ætlar ákæru- og dómsvaldið að nota sér það, til að hafast ekkert að í þessum ömurlegu málum?

Og loks mætti spyrja: Hvenær telur Hæstiréttur traust sitt og álit í hættu í hugum almennings?

c) Greinin „Hver hirti 100 þúsund fyrir víxilsöluna“, en hún er svohljóðandi:

Í marzmánuði árið 1961 leitaði maður nokkur hér í bæ eftir láni hjá Jóhannesi Lárussyni héraðsdómslögmanni, og var honum veitt lán, að upphæð 250 þúsund krónur, með 100 þús. króna afföllum, auk 2% þóknunar til Jóhannesar fyrir að útvega lánið. Maðurinn var látinn samþykkja tvo víxla fyrir láninu, annan að upphæð 150 þúsund krónur, hinn 100 þúsund krónur, og var sonur hans útgefandi beggja víxlanna. Til tryggingar skilvísri greiðslu varð hann að veita veð í íbúðarhúsi sínu. Vextir voru venjulegir útlánsvextir Búnaðarbanka Íslands, og skyldi lánið greitt á 5 árum með jöfnum afborgunum á 6 mánaða fresti. Engin kvittun. Ekki var eigenda lánsfjárens getið fremur en endranær, en vert er að geta þess, að engin kvittun var tekin fyrir greiðslu víxilfjárens, og verður nú kvittunin fræga frá Ágústi Sigurðssyni enn sérstæðari, þegar uppvíst er, að slík kvittun hefur ekki verið tekin af öðrum lántakendum, sem átt hafa við Jóhannes sams konar viðskipti um sömu mundir.

Annar víxillinn í Búnaðarbankanum. Þegar greiða skyldi fyrstu afborgun, kom á daginn, að 150 þúsund króna víxillinn var orðinn eign Búnaðarbanka Íslands, keyptur þar á fyrsta degi, án þess að könnuð hefði verið lánsfjárbörf samþykkjanda og greiðslumöguleikar eða yfirleitt við hann rætt um víxilinn. Aftur á móti hafði 100 þúsund króna víxillinn verið skráður til innheimtu í Verzlunarbankanum. Mátti aðeins ræða við Hilmar. Hér er um nokkuð breytta viðskiptahætti að ræða, frá því er víxill Ágústs Sigurðssonar var seldur mánuði áður. Hvers vegna kaupa bankastjórnarnir ekki af Lárusi 250 þúsund króna víxil í þetta sinn, eins og áður hafði verið gert (sbr. víxil Guðm.

Óskarssonar), ef þeim var ókunnugt um affallaupphæðina? Ekki er blaðinu kunnugt, hvort Hilmar Stefánsson hefur hér einn um vélt af bankans hálfu, þó að Magnús Jónsson væri þá heima, en geta má þess, að þegar fyrsta afborgun nálgast í september 1961, kom lántakandi að máli við Jóhannes og kvað sér óhægt að greiða af víxlunum báðum á sama tíma. Spurðist hann fyrir um, hvort ekki mundi auðið að fá afborgunardag Búnaðarbankans færðan fram, þannig að þrír mánuðir yrðu á milli afborgana víxlanna. Taldi Jóhannes ekki ólíklegt, að það mætti takast, en lagði ríkt á við manninn, að um þennan víxil mætti hann ekki ræða við aðra en Hilmar Stefánsson.

Hver var seljandinn? Þá er að skyggast eftir seljanda 150 þúsund króna víxilsins. Núverandi bankastjórar hafa lýst yfir í greinargerð sinni, að bankinn hafi aldrei keypt víxla né verðbréf af Jóhannesi Lárussyni. Og af hverjum mundi bankinn hafa keypt þennan stóra víxil umsvifa- og athugasemdalaust, nema Lárusi Jóhannessyni inn á hinn víða kvóta hans? Spyr sá, sem ekki veit. En óþarft er að velkjast í vafa um það, að samkvæmt upplýsingum Magnúsar Jónssonar um varðveizlu gagna í stofnuninni, á svunta fyrsta víxilsins að vera til í bankanum og bera með sér nafn seljanda. Vegna tilmæla lántakanda verður sú undantekning gerð að birta ekki nafn hans að sinni, en hann hefur tjáð sig reiðubúinn að staðfesta frásögn þessa fyrir rétti, og mun blaðið gefa ákærvaldinu vitneskju um nafn hans, ef óskað verður. Einnig eru fleiri til vitnis um frásögn þessa, ef þörf krefði.

Er bankinn saklaus? Í þessum mánuði hefur viðkomandi lántakandi verið að greiða af öðrum hvorum víxlinum 10 eða 15 þúsund krónur auk vaxta, og eflaust er fjöldi fólks að reita sig inn að skinninu til að greiða af víxlum og verðbréfum, sem eins eru til orðin og hér hefur verið lýst. Því verður sú spurning æ áleitnari, hve lengi þessi ósómi eigi svo til að ganga, hvort ekki sé rétt af fólki að neita að greiða af svona pappírur, fyrr en úr því hefur fengizt skorið fyrir dómstólum, hvort lánastofnanir séu ekki skaðabótaskyldar gagnvart fólki, sem jafn grálega hefur verið leikið vegna misnotkunar á fjármunum, sem víxlrarar áttu of greiðan aðgang að í bönkum. Hver maður sér, að Lárus hefði ekki getað vaðið í bankann, svo sem hann hefur gert, nema með vilja og vitund bankastjóra. Og getur bankinn komizt undan ábyrgð af gerðum forráðamanna sinna?

Vissu bankaráðsmenn, hvers kyns var? Af viðtali við Benedikt Guttormsson í seinasta blaði mætti ráða, að hann hefði

rætt viðskipti Hilmar og Lárúsar við bankaráðsformenn, þótt hann fái ekki til að játa það beinlínis „á þessum vettvangi“. Hafi bankaráðsmenn vitað um hin stórfelldu víxla- og verðbréfa- viðskipti Lárúsar við bankann — viðskipti, sem í mörgum tilfellum hafa verið bankanum mjög í óhag — hafa þeir þá ekki gerzt sekir um sinnuleysi um hag bankans með því að láta undir höfuð leggjast að rannsaka, hvernig á hinum bróðurlegu samskiptum bankastjórans og verðbréfasalans stæði og stöðva leikinn? Og hvað um bankaráðsmenn? Hafi formenn bankaráðs haft grun eða vitneskju um, að ekki væri allt með felldu, hafa þeir þá ekki skýrt bankaráðsmönnum frá því? Við þessu eiga allir viðskiptamenn bankans skýlausan rétt á vöflulausum svörum. Forráðamenn bankans geta ekki verið þekktir fyrir að skýla sér bak við hljóðheldan múr óskilgreindrar þagnarskyldu eftir það, sem á undan er farið, eða leyfist manni að spyrja, hversu langt „þagnarskylda“ geti gengið án þess að breytast í yfirhilmingu?

Hver auðgast á afföllunum? Af viðtalinu við Benedikt er allveg ljóst, að meðan hann og Haukur Þorleifsson stjórnðu bankanum, hefur Hilmar Stefánsson haldið viðskiptunum við Lárus Jóhannesson gangandi á bak við þá. Lítil væri þá embættis- metnaður Benedikts og Hauks, hafi þeir ekki kvartað yfir þessu heimabruggi Hilmarar við bankaráð eða að minnsta kosti skýrt formanni bankaráðs frá því til að firra sig ábyrgð. Hafi bæði bankaráði og bankastjórum verið um þetta kunnugt, má undarlegt telja, ef þeirri hugsun hefur ekki skotið upp hjá þeim, að með þessum tveimur heiðursmönnum væru meiri dáleikar en vanalegt og æskilegt er, þegar um bankastjóra og stóran viðskiptamann bankans er að ræða. Hvarflaði aldrei að forráðamönnum bankans, að ekki væri fyrir það synjandi, að þeir Hilmar og Lárús gætu verið tengdir hagsmunaböndum? Og hafa þeir gert ráðstafanir til að ganga úr skugga um, hvort svo hafi verið eða ekki? Rannsókuðu þeir til dæmis, hvort ríkmannlegt líferni bankastjórans benti til, að hann hefði öðru og meira fé úr að spila en launum sínum hjá bankanum? Og hver varð niðurstaðan? Einnig í þessu á almenningur kröfu á, að forráðamenn bankans svari. Og meira en það: ef ákærvaldið tekur sig ekki sjálft fram um að hefja opinbera rannsókn þeirra mála, sem skýrt hefur verið frá í Frjálsri þjóð að undanfögnu, ber ráðamönnum bankans siðferðileg skylda til að krefjast rannsóknar umsvifalaust.

Hvers vegna var Stefán kosinn eftirmaður föður síns? Hafi nú svo verið komið, sem ekki virðist fráleitt ályktun, að bankaráðsmönnum hafi verið fullljóst um það leyti, sem Hilmar var að láta af störfum, að stjórn hans á bankanum hafi ekki í öllum efnum verið sem farsællegust, hvað olli því þá, að þeir fólu syni hans stjórn bankans við brottför hans? Þó að Stefán Hilmarsson kunnir að vera hinn gegnasti maður og hæfur bankastjóri, er þó augljóst, að hann getur ekki verið óhlutdrægt vitni í neinu, sem föður hans varðar. Meðal annars þess vegna er það öldungis fráleitt, að þau alvarlegu efni, sem hér eru á döfinni, geti verið nokkurt innanhúsmál Búnaðarbanka Íslands. Það ætti Magnús Jónsson að skilja, ef ekki sem bankastjóri, þá sem lögfræðingur, og það ætti Hermann Jónasson að skilja, ef ekki sem bankaráðsmaður og fyrrverandi formaður bankaráðs, þá sem hæstaréttarlögmaður.

Telur stefnandi ummælin undir lið a varða við 236., en til vara 234. eða 235. gr. almennra hegningarlaga. Ummælin undir lið b telur hann varða við 234.—236. gr. almennra hegningarlaga og ummælin undir lið c við 236. gr. sömu laga.

V. Í 38. tbl. 12. árgangs Frjálsrar þjóðar, er út kom hinn 5. október 1963.

a) Greinin „Er verið að fjarlægja sönnunargögnin? Víxillinn horfinn úr bankanum“. Í heild ásamt fyrirsögn, en greinin er svohljóðandi:

Eftir viðtal Frjálsrar þjóðar við bankastjórn Búnaðarbankans höfðu þeir, sem viðtalið áttu af hálfu blaðsins, rökstudda ástæðu til að ætla, að víxill Ágústs Sigurðssonar verkamanns, mundi ekki verða í eigu bankans mjög lengi. Voru því af hálfu blaðsins gerðar ráðstafanir til þess, að Ágúst Sigurðsson fylgdist með víxlinum. Fyrir skömmu lagði Ágúst leið sína í Búnaðarbankann og spurðist fyrir um víxilinn. Var honum þá tjáð, að þar skuldaði hann engan víxil lengur, og neitaði Tryggvi Pétursson að gefa honum upplýsingar um, hvar víxillinn væri nú. Hér hefur gerzt mjög alvarlegur hlutur, ekki aðeins fyrir Lárus Jóhannesson dómsforseta Hæstaréttar og Ágúst Sigurðsson, heldur einnig stjórn Búnaðarbankans og saksóknara. Ef tómlæti þeirra og seinagangur á að taka þessi mál viðeigandi tókum verður til þess að tíminn verður notaður til að skjóta undan sönnunargögnum, er ábyrgð þeirra vissulega mikil. Væri það t. d. djarft að láta sér detta í hug, að ýmis sönnunargögn, e.t.v. mikil-

vægari fyrir rannsókn þessara mála en víxill Ágústs, yrði fjarlægð úr bankanum, fyrst víxill Ágústs er horfinn þaðan? Og skyldi Stefán Hilmarsson teljast alveg hlutlaus um það? Ekki verður hjá því komizt að krefja bankastjóra Búnaðarbankans skýlausra svara við nokkrum spurningum af þessu tilefni. Hverjum var víxill Ágústs framseldur, og hvar er hann til innheimtu nú? Var fyrirvari á framsalinu. Ágúst hafði fengið það loforð hjá Hilmar Stefánssyni að mega greiða víxilinn á 10 árum, og kynni það að skipta meira en litlu máli fyrir Ágúst, hvort það loforð var ritað sem kvöð á víxilinn og verður haldið eða ekki. Hefur Lárus Jóhannesson, dómsforseti Hæstaréttar, eða einhver fyrir hans hönd keypt fleiri víxla eða verðbréf af Búnaðarbankanum síðustu vikurnar? Eru víxlar og verðbréf yfirleitt til sölu hjá Búnaðarbankanum, og þá e.t.v. hæstþjóðanda? Væri þá ekki brotinn trúnaður á viðskiptamönnum banksans? Innheimtir ekki lögfræðingur Búnaðarbankans vanskilavíxla? Tekur lögfræðingur banksans full laun samkvæmt gjaldskrá lögmannafélagsins fyrir slíka innheimtu? Er mál Ágústs til rannsóknar, og hver rannsakar það? Þórður Björnsson, Lárus Jóhannesson eða Stefán Hilmarsson? Í greinargerð bankastjóra Búnaðarbankans vegna skrifa um víxil Ágústs Sigurðssonar segja bankastjórnarnir orðrétt: „Það er að sjálfsögðu ekki síður áhugamál Búnaðarbankans en Frjálsrar þjóðar, að það mál upplýsist til hlítar . . .“ En þrátt fyrir þessa yfirlýsingu hafa þeir látið fjarlægja víxilinn, sem málið reis út af, úr Búnaðarbankanum, og verður það að teljast allvafasöm aðstoð af þeirra hálfu við að upplýsa þetta skuggalega mál, en getur vissulega ýtt undir enn meiri tortryggni en áður, ekki sízt þegar þess er gætt, að dómsforseti Hæstaréttar er sannanlega viðriðinn málið og sönnunargögn um það í höndum sakadómara. Í viðtali við Frjálsa þjóð lýsti Magnús Jónsson bankastjóri yfir því, að Búnaðarbankinn mundi engu leyna í sambandi við mál Ágústs Sigurðssonar. En nú verður að ætla, að það gagnið, sem sjálft málið stendur um, sé með hans vitund horfið. Hér eru sýnilega svo alvarlegir hlutir að gerast, að athygli almennings hlýtur að beinast í æ ríkari mæli að gerðum eða aðgerðaleyssi rannsóknardómara ríkisins, og menn hljóta að spyrja: Er vitandi vits verið að koma málum þessum fyrir? Er ekki tími til kominn, að bankastjórnarnir báðir víki úr störfum og bankinn verði settur undir opinbert eftirlit, meðan á rannsókn þessa máls stendur? Hvar í veröldinni gæti það gerzt, að maður, sem er viðriðinn sakamál

á rannsóknarstigi, gæti gengið inn í ríkisbanka og keypt af syni annars málsaðila sönnunargögn, sem niðurstaða rannsóknarinnar getur oltið á?

b) Í greininni „Verra en okur. Þjóðhættulegt trúnaðarbrot, sem varðar mjög þungri refsingu“, fyrirsögn greinarinnar og ummælin: . . . . Sök sú, sem fjallað er um í kærú Ágústis Sigurðssonar, er allt annars eðlis. Þar er vakinn sterkur grunur um, að eiðsvarnir embættismenn hafi framið sviksamlegan fjárdrátt í einum ríkisbankanum. Samkv. kærúni er bankinn lánveitandinn og fé hans (almennings) notað til að fremja hinn meinta fjárdrátt, en eigin fjármunir ekki settir í neina hættu. En okur er hins vegar það, ef maður lánar sitt eigið fé til lengri eða skemmri tíma og tekur fyrir þá fjárfestingu og áhættuna af verðfalli peninganna hærrí vexti en lögin um okur heimila. Ef hlutaðeigandi embættismenn yrðu sannir að sök í máli Ágústis Sigurðssonar og öðrum fjárdráttarmálum, sem Frj. þj. hefur skrifað um að undanfögnu, þá væri hér á ferðinni ein háskasamlegasta starfsemi, sem átt getur sér stað í þjóðfélaginu og varðar mjög þungri refsingu. Er þá ekki sízt refsað fyrir þjóðhættulegt trúnaðarbrot eiðsvarinna, háttlaunaðra embættismanna. Við rannsókn þessa máls má því ekki sýna neina vægð. Haft er fyrir satt, að formaður bankaráðs Búnaðarbankans, Jón Pálmason, hafi að áeggjan Hermanns Jónassonar skorað á Hilmar Stefánsson, er skrif Nýrra vikutíðinda um bankann voru á ferðinni, að hreinsa sig og bankann af ásökunum þess blaðs, en Hilmar hafði þá talið það undir virðingu sinni að taka mark á slíku blaði.

c) Greinin „Lárus játar afföllin“ ásamt fyrirsögn, en greinin er svo hljóðandi:

Lárus Jóhannesson, dómsforseti Hæstaréttar, hefur sent dagblöðunum yfirlýsingu, þar sem hann játar á sig að hafa tekið afföll af ríkistryggðum skuldabréfum, allt að 32%. Sömuleiðis lýsir hann því yfir, að hann hafi ekki selt Búnaðarbankanum RÍKISTRYGGÐ skuldabréf síðan 1954. Víst vissum við það, að Lárus hafði fundið annan farveg fyrir ríkistryggðu bréfin eftir 1954, en Búnaðarbankinn keypti af honum eftir þann tíma bæði skuldabréf, sem ekki voru ríkistryggð, og víxla, sem tekin höfðu verið af 40% afföll, t. d. í marz 1961, eins og skýrt var frá í síðasta töl. Frjálsrar þjóðar. Þetta bera skilríkin með sér. E.t.v. vill Lárus Jóhannesson gefa yfirlýsingu um þau viðskipti einnig í dagblöðunum. Þögn hans um þau atriði er nefnilega næsta

skýrmælt, úr því hann á annað borð fer að gefa yfirlýsingu um þessi mál í blöðunum.

d) Í greininni „Kvóti í banka“ ummælin: . . .

Frjáls þjóð hefur því aflað sér upplýsinga um það mál. Sú athugun leiddi til þess, að í ljós kom, að þau plögg, sem Lárus seldi Búnaðarbankanum og blaðaskrif hafa orðið um, geta EKKI gengið inn á svonefnd kvótaviðskipti í neinum banka . . .

e) Í greininni „Otur skrifar: Ljót fingraför“ ummælin:

Frá því hefur verið skýrt opinberlega, að Þórður Björnsson sakadómari hafi með höndum rannsókn í máli Ágústs Sigurðssonar á hendur Jóhannesi Lárussyni hrl. og Búnaðarbankanum. Frá því hefur einnig verið skýrt opinberlega, að Búnaðarbankinn hafi selt Þórði Björnssyni í hendur sönnunargagn í málinu, sem beini meintum verknaði að dómsforseta Hæstaréttar, Lárusi Jóhannessyni, öðrum fremur, og hefur þær afleiðingar ÖHJÁ-KVÆMILEGA í för með sér, að Þórður Björnsson verður að kalla Lárus fyrir rétt sem grunaðan um aðild að þessu óhræsiglega máli. Þetta sönnunargagn er svuntan af víxli Ágústs, árituð af Lárusi sjálfum sem seljanda víxilsins á útgáfudegi, jafnframt því að gera sér ómak þann dag með víxilinn í bankann. . . . Það er augljóst, hverjir hafa fjallað um tilnefningu Þórðar Björnssonar í þetta dómþing öðrum fremur, hvað sem fyrir þeim herrum hefur vakað.

f) Í greininni „Fjárdráttarmál“ ummælin: . . . En þessi mál bæði eru veigalítil samanborið við þau mál, sem Frjáls þjóð hefur verið að upplýsa að undanfögnu.

g) Greinin „Lárus verður að víkja úr Hæstarétti“ í heild ásamt fyrirsögn, en greinin er svohljóðandi:

Sú spurning gerist nú æ áleitnari í hugum manna, hvenær Lárus Jóhannesson muni víkja úr Hæstarétti vegna rannsóknar þeirra mála, sem Frjáls þjóð hefur skýrt frá síðustu vikurnar. Almennigur undrast stórlega, hver dráttur hefur orðið á þessari sjálfgerðu ráðstöfun, og þykir að vonum sem ákærvaldið og Hæstiréttur muni bíða þeim mun meiri álitshnekki, sem þetta dregst lengur. Frjáls þjóð hefur að sjálfstöðu reynt að grafast fyrir um það, hvernig þessi mál stæðu á „hæstu stöðum“. Niðurstöður þeirra athugana eru þær, að ákærvaldið telji sig hafa einhverja möguleika til að draga það að láta Lárus víkja, meðan ekki er lengra komið rannsókn í máli Ágústs Sigurðssonar en raun ber vitni. Sú rannsókn hefur í raun stöðvazt, vegna þess að Jóhannes Lárusson hrl. hefur verið erlendis

og er enn, og ákærvaldið hefur EKKERT gert til að kalla hann heim, þó að útvíst hans sé orðin að athlægi meðal almennings, ekki sízt þar sem Lárusi var beint heim af skyndingu. Talið er, að þessi frestur sé ekki að öllu illa séður af ákærvaldinu, þar sem Lárus Jóhannesson verður 65 ára í þessum mánuði. En svo mun mælt fyrir í lögum, að hæstaréttardómarar geti látið af embætti 65 ára og haldið þó fullum eftirlaunum. En ef hér er rétt til getið, verður að segjast, að þó að ákærvaldið eigi vissulega að grunda mál fast og djúpt, væri hér þó einum of langt seilt og á þann hátt, að ekki er sérlega traustvekjandi.

Stefnandi telur, að ummælin undir lið a varði við 236. gr. almennra hegningarlaga, en til vara 234. og 235. gr. sömu laga. Ummælin undir liðum b og e-g varði við 236. gr. almennra hegningarlaga, en til vara 234. eða 235. gr. sömu laga. Þá telur stefnandi ummælin undir lið c varða við 236. gr. almennra hegningarlaga. Stefnandi gerir ekki refsikröfu, varðandi ummælin undir lið d, en krefst þess, að ummælin verði ómerkt.

Verður nú að nokkru rakin undanfari blaðaskrifa þeirra, sem hér hafa verið rakin, svo og annað það, sem fram er komið í málinu af því tilefni. Með kærú, dagsettri hinn 24. ágúst 1963, kærði Ágúst Sigurðsson, Drápuhlíð 48, hér í borg, til yfirsakadómarans í Reykjavík út af meintu okri. Kæra Ágúst var birt í 33. tbl. 12. árgangs Frjálsrar Þjóðar, er út kom hinn 31. ágúst 1963, að ósk Ágúst, eins og segir í blaðinu. Ekki var stefnanda máls þessa getið í kærinni eða ummælum blaðsins, varðandi hana, þann dag. Í næstu fimm tölublöðum blaðsins var enn um mál þetta ritað, og birtust þá meðal annars ummæli þau, sem rakin hafa verið. Á tímabilinu 7. september til 23. október 1963 fór fram fyrir sakadómi Reykjavíkur rannsókn út af greindri kærú Ágúst Sigurðssonar, og verður nú rakið það, sem þar kom fram.

Við rannsókn þessa skýrði Ágúst Sigurðsson svo frá, að í íbúð þeirri, sem hann hafi átt, hafi komið fram miklir leyndir gallar, svo nær óbúandi hafi verið í henni. Hann hafi þó orðið að búa við þetta lengi, þar sem hann hafi alveg skort fé til aðgerða og nægilegt bankalán hafi hvergi verið að fá. Í desembermánuði 1960 kveðst hann hafa séð auglýsingu í Morgunblaðinu frá manni, sem kvaðst geta veitt peningalán. Hafi þetta reynzt vera Jóhannes Lárússon hdl., en hann er sonur stefnanda í máli þessu. Ágúst kveður Jóhannes hafa sagzt geta út-

vegað 150 þúsund króna lán hjá manni, sem ekki léti nafns síns getið. Hafi Jóhannes sagzt láta Ágúst vita síðar, hvort hann kæmi til greina í þessu sambandi. Ágúst kveðst nú ekkert hafa heyrt frá Jóhannesi fyrr en hinn 20. febrúar 1961, er hann hafi hringt í sig og boðað sig til samtals í skrifstofu hans, þ. e. Jóhannesar, þann dag. Þar kveður Ágúst Jóhannes hafa tjáð sér, að hann gæti fengið lánið gegn víxli, sem hann, Ágúst, samþykkti og kona hans gæfi út, og yrði víxillinn tryggður með veði í íbúð hjónanna. Skyldi víxillinn greiðast á fimm árum, með kr. 15.000.00 á sex mánaða fresti, auk vaxta og kostnaðar. Afföll af láninu til lánveitanda skyldu vera kr. 65.000.00, en sjálfur fengi Jóhannes aðeins 2% af láninu, eða kr. 3.000.00, fyrir milligöngu sína. Ágúst kveðst hafa talið sig neyddan til að ganga að þessum kostum vegna óhjákvæmilegra aðgerða á íbúðinni.

Daginn eftir, hinn 21. febrúar 1961, kveður Ágúst Jóhannes hafa komið til þeirra hjónanna með víxil og tryggingarbréf, tilbúið til undirskriftar, og hafi þau þá ritað nöfn sín á þessi skjöl. Samkvæmt tryggingarbréfinu var víxillinn tryggður með 4. veðrétti á eftir skuldum, samtals að fjárhæð kr. 57.500.00, sem þá hvíldu á 1., 2. og 3. veðrétti. Ekki kveður Ágúst neina votta hafa undirritað tryggingarbréfið þarna á staðnum, en í veðmálabókum sjáist, að Jóhannes Lárússon og Erla Hannesdóttir, sem ekki hafi þó verið viðstödd, hafi vottað undirskrift þeirra hjónanna.

Ágúst kveður nú Jóhannes hafa sagt sér að koma og vitja peninganna næsta dag og hafi hann gert það. Kveður hann Jóhannes þá hafa greitt sér kr. 76.000.00 af andvirði víxilsins, en mismuninn, kr. 74.000.00, hafi Jóhannes tekið í afföll, forvexti til sex mánaða og fleira. Ágúst kveður Jóhannes aldrei hafa minnzt á Búnaðarbankann, er þetta gerðist, en í tryggingarbréfinu sé tekið fram, að af víxlinum eigi að greiða venjulega vexti Búnaðarbankans, en ekki kveður hann talað hafa verið um, hvar greiða ætti vexti og afborganir af víxlinum. Ekki kveður Ágúst aðra hafa verið viðstadda en þá tvo, er þetta gerðist. Þegar gjalddagi víxilsins nálgæðist, kveðst Ágúst hafa hringt til Jóhannesar varðandi það, hvort hann skyldi greiða hjá honum vexti og afborganir, og hafi þá Jóhannes sagt, að Búnaðarbankinn væri orðinn eigandi víxilsins og bæri honum að snúa sér þangað. Litlu síðar kveðst Ágúst hafa fengið greiðslutilkynningu frá bankanum. Kveðst hann hafa átt tal við Hilmar Stefáns-

son bankastjóra og skýrt honum frá viðskiptunum við Jóhannes. Kveður hann bankastjórann hafa orðið mjög undrandi yfir þessu og lofað að hann mætti greiða víxlinn á tíu árum í stað fimm. Kveðst Ágúst nú hafa greitt af víxlinum kr. 10.000.00, en með vöxtum og kostnaði alls kr. 16.991.00. Eftir þetta kveðst Ágúst hafa átt við Tryggva Pétursson um framlengingar og greiðslur á víxlinum, og hafi afborganir eftir þetta ýmist verið litlar eða engar.

Í kæru sinni kveður Ágúst eftirstöðvar víxilsins nema kr. 129.000.00 og víxlinn í vanskilum frá 3. júní s. á. Kveður Ágúst víxlinn vera til innheimtu hjá Benedikt Guttormssyni, starfsmanni Búnaðarbankans. Kveðst hann hafa tjáð Benedikt alla forsögu víxilsins á sama hátt og Hilmar Stefánssyni bankastjóra, og hafi Benedikt sagt að lokum, að bankinn yrði að láta selja íbúð þeirra hjónanna þá um haustið, ef ekki yrðu gerð skil á víxlinum. Í ágústmánuði 1962 kveðst Ágúst hafa talað við Ágúst Fjeldsted, formann Lögmannafélags Íslands, og skýrt honum frá lánveitingunni og lánskjörum og jafnframt beðið hann um að rétta hlut sinn. Kveður hann Ágúst Fjeldsted hafa tekið málaleituninni vel og sagzt ætla að hafa tal af Jóhannesi Lárussyni. Nokkru síðar kveðst Ágúst hafa komið í skrifstofu Ágústs Fjeldsteds. Hafi hann þá sagzt hafa talað við Jóhannes, og hefði hann ekki beint borið á móti frásögninni, og mundi Jóhannes vilja tala við Ágúst. Sama dag eða stuttu síðar kveðst Ágúst Sigurðsson hafa talað við Jóhannes í skrifstofu hans. Hafi Jóhannes í fyrstu verið mjög gramur yfir því, að hann hefði snúið sér til formanns Lögmannafélags Íslands, en að lokum hafi hann boðizt til að endurgreiða kr. 6.000.00, og kveðst Ágúst hafa tekið við þeirri fjárhæð. Hann kveðst þó hafa sagt Jóhannesi, að hann mundi kæra málið, því þetta væru engar bætur. Hafi Jóhannes þá sagzt ætla að tala við lánveitandann. Daginn eftir kveður Ágúst Jóhannes hafa hringt í sig og beðið sig um að koma á skrifstofuna til hans. Kveður Ágúst Jóhannes hafa greitt sér kr. 1.000.00 í viðbót, og hafi hann jafnframt sagt, að maðurinn, lánveitandinn, hefði samþykkt þetta með því skilyrði, að málið færi þá ekki lengra. Ekki kvaðst Ágúst hafa lofað neinu um það. Ágúst kveðst nú hafa komizt að því, að Búnaðarbanki Íslands hafi keypt umræddan 150 þúsund króna víxil strax á útgáfudegi hans, 22. febrúar 1961, og án nokkurra af falla til bankans sjálfs.

Við rannsókn málsins kvaðst Ágúst Sigurðsson hafa talið víxla-

afföllin fram á skattframtölum sínum árin 1962 og 1963. Jóhannes skýrði svo frá fyrir sakadómi Reykjavíkur, að það muni hafa verið í nóvember eða desembermánuði 1960, að einn viðskiptavininn hans hafi skýrt honum frá því, að hann hefði hug á að kaupa skuldabréf til fimm ára, að nafnverði kr. 100.000.00 til kr. 150.000.00, tryggt með veði í fasteign. Kvað hann manninn hafa spurt að því, hvort hann hefði nokkur slík bréf á hendinni eða hvort hann gæti auglýst eftir slíkum bréfum fyrir hann. Jóhannes kveðst hafa skýrt manni þessum frá því, að hann hefði engin slík bréf sjálfur, en að hann væri fús til að auglýsa eftir þeim. Varð það síðan úr, að hann setti auglýsingu um þetta í Morgunblaðið. Jóhannes kvaðst hafa fengið nokkur tilboð, en ekki kvaðst hann hafa svarað þeim þá þegar, vegna þess að einhver afturkippur hefði komið í málið af hendi viðskiptavinarins. Nokkru síðar kvað hann svo viðskiptamanninn hafa skýrt sér frá því, að hann hefði áhuga á bréfakaupunum. Nokkru síðar kvaðst Jóhannes hafa hringt til eins þeirra, sem sent höfðu tilboð og honum leizt einna bezt á, og var það Ágúst Sigurðsson. Kvaðst Jóhannes nú hafa beðið Ágúst um að koma til sín á skrifstofuna þann sama dag eða næsta dag. Hann kvað Ágúst hafa komið á tilsettum tíma og hafi hann þá spurt Ágúst að því, hve hátt lán hann þyrfti og hvaða tryggingar hann hefði. Hafi Ágúst sagzt þurfa 150 þúsund króna lán, og að því er Jóhannes kveður sér hafa skilizt, vegna íbúðar, er hann hafði þá keypt nýlega og standsetja þyrfti.

Jóhannes kvað tryggingu þá, sem Ágúst hafi getað sett, hafa verið umrædda íbúð. Ekki kvað Jóhannes frekari viðræður hafa farið fram milli þeirra í þetta skipti. Jóhannes kvað nú nokkra daga hafa liðið. Kvaðst hann þá hafa talað við greindan viðskiptavininn sinn og skýrt honum frá samtali þeirra Ágúst. Kvað hann viðskiptavininn hafa skýrt sér frá því, að hann gæti ekki að svo stöddu veitt lánið, og hafi þetta orðið til þess, að hann, Jóhannes, snéri sér til föður síns, Lárusar Jóhannessonar, og spurði hann að því, hvort hann gæti komið 150 þúsund króna vel tryggðum víxli inn í ónotaðan kvóta sinn í Búnaðarbankanum, sem Jóhannes kvað sér kunnugt um, að hann, Lárus, hafði þar. Taldi Jóhannes, að nú hefðu liðið einn eða tveir dagar, en þá hefði faðir hans skýrt honum frá því, að hann mundi geta gert þetta fyrir hann. Kvaðst Jóhannes þá hafa verið búinn að segja föður sínum frá því, að hér væri um að ræða víxil til

fimm ára með missirislegum afborgunum. Jóhannes kvaðst nú hafa hringt í Ágúst og skýrt honum frá því, að hann mundi geta veitt honum umrætt lán. Kveður hann það hafa orðið að samkomulagi með þeim, að hann, Jóhannes, gengi frá víxli og tryggingarbréfi og kæmi svo með þau heim til Ágústs til undirskriftar. Kvaðst Jóhannes nú hafa útbúið víxil, að fjárhæð kr. 150.000.00, til 6 mánaða, sem Ágúst skyldi samþykka og eiginkona hans gefa út. Kvaðst hann síðan hafa farið með skjölin heim til þeirra hjónanna, og hafi þau þar ritað undir skjölin. Er Jóhannes kom heim til sín með skjölin, kvaðst hann hafa fengið eiginkonu sína til að rita á skjölin. Ekki kvað Jóhannes neitt annað hafa gerzt þarna en að Ágúst og eiginkona hans rituðu undir skjölin, og ekki hafi verið minnst á lánskjörin. Kvaðst hann síðan hafa sagt Ágúst að koma til sín einum eða tveimur dögum seinna og sækja lánsupphæðina. Jóhannes kvaðst nú hafa farið með víxillinn og tryggingarbréfið til stimplunar og þinglýsingar og hafi hann síðan afhent föður sínum skjölin. Minnr Jóhannes, að daginn eftir hafi faðir hans afhent honum andvirði víxilsins, að frádregnum venjulegum bankaforvöxtum í sex mánuði. Jóhannes kvað nú Ágúst hafa komið í skrifstofuna til sín, og hafi hann þá greitt honum lánsfjárhæðina í reiðufé. Nánar tiltekið kvaðst Jóhannes hafa látið Ágúst hafa kr. 150.000.00 að frádregnum 1) sex mánaða forvöxtum bankans, 2) stimpilgjaldi víxilsins og þinglýsingarkostnaði tryggingarbréfsins, 3) 2% af kr. 150.000.00 í þóknun til hans sjálfs fyrir útvegum lánsins. Kvaðst Jóhannes halda, að hann hefði afhent Ágúst nálægt kr. 138.000.00. Kvað hann Ágúst hafa undirritað að sinni ósk viðurkenningu fyrir því að hafa fengið að fullu greitt andvirði 150.000.00 króna víxilsins. Viðurkenningu þessa kvaðst Jóhannes hafa afhent föður sínum. Ekki kvaðst Jóhannes hafa sagt Ágúst, að víxillinn hefði verið keyptur af Búnaðarbankanum, og ekki kvað hann neitt hafa verið um það talað milli þeirra, hvar víxillinn ætti að greiða. Jóhannes kvað Ágúst Fjeldsted hæstaréttarlögmann hafa hringt til sín um sumarið 1962 og skýrt sér frá því, að hjá honum væri maður að nafni Ágúst Sigurðsson, er segði, að hann, Jóhannes, hefði útvegað sér lán, og vildi hann eitthvað tala við hann um það. Kvað Jóhannes það hafa orðið úr, að Ágúst Sigurðsson hefði komið til sín, og hefði erindið verið það að skýra sér frá því, að komið væri að gjalddaga víxilsins og að hann væri peningalítill og að

biðja hann um gjaldfrest. Jóhannes kvaðst hafa verið vant við látinn og beðið Ágúst um að koma aftur síðar, en það hefði Ágúst ekki gert.

Fyrir sakadómi Reykjavíkur neitaði Jóhannes Lárusson að hafa áskilið sér kr. 65.000.00 í afföll af 150 þúsund króna lánuinu. Einnig neitaði hann að hafa aðeins greitt Ágúst Sigurðssyni kr. 76.000.00 af lánsfjárhæðinni. Loks neitaði Jóhannes að hafa geitt Ágúst sumarið 1962 fyrst krónur 6.000.00 og síðar kr. 1.000.00 eða nokkra aðra fjárhæð til viðbótar.

Stefnandi máls þessa, Lárus Jóhannesson, kom einnig fyrir sakadóm Reykjavíkur í sambandi við rannsókn út af kæru Ágústs Sigurðssonar. Skýrði hann þar svo frá, að hann hefði rekið umfangsmikla málfærsluskrifstofu hér í borg, frá því á árinu 1924 og þar til hann var skipaður hæstaréttardómari hinn 1. maí 1960. Hann kvað ekki hafa verið hægt að leysa upp slíka skrifstofu í einu vetfangi og hafi það tekið sig um hálf tannað ár að ljúka viðskiptum sínum að mestu. Hann kvað Búnaðarbanka Íslands hafa verið aðalviðskiptabanka sinn frá því á árinu 1936 og kvaðst hafa beint til hans eftir getu sparisjóðsinnstæðum og öðrum innstæðum frá viðskiptavinum sínum, vinum og kunningjum, og hafi þær numið mjög verulegum fjárhæðum. Kvað Lárus sér hafa gengið greiðlega að selja bankanum víxla sína og viðskiptavina sinna, enda hafi verið gengið út frá því sem gefnu milli sín og bankastjóra bankans, Hilmar Stefánssonar, að hann, Lárus, sæi um, að bankinn tapaði ekki á víxlum þessum eða hefði veruleg óþægindi af þeim, þótt ekki hafi verið neitt skriflegt um það gert. Lárus kvað Jóhannes son sinn hafa vitað, að hann hafi átt ónotaðan „kvóta“ í bankanum, og hafi hann nokkrum sinnum beðið sig um að lofa sér að nota hann. Á þenna hátt kvaðst Lárus hafa selt bankanum víxil Ágústs Sigurðssonar 22. febrúar 1961 og afhent Jóhannesi andvirðið. Kvað hann Jóhannes svo daginn eftir hafa afhent sér, eins og venja hafi verið milli þeirra, kvittun Ágústs fyrir því, að hann hefði fengið andvirði víxilsins greitt að fullu. Lárus kvaðst eftir þetta ekki hafa heyrt neitt um þetta víxilmál, þar til er hann hafi lesið kærana í Frjálsri þjóð. Lárus kvað Búnaðarbankann nú hafa óskað þess, að hann yfirtæki víxil Ágústs Sigurðssonar, og hafi hann að sjálfsögðu samþykkt það.

Hilmar Stefánsson, fyrrverandi bankastjóri, skýrði svo frá fyrir sakadómi Reykjavíkur við rannsóknina út af kæru Ágústs Sigurðssonar, að hann hefði á liðnum árum keypt fyrir hönd

Búnaðarbanka Íslands marga víxla af Lárusi Jóhannessyni. Hefði hann keypt víxlana samkvæmt gildandi munnlegu samkomulagi við Lárus um, að hann hefði sjálfur eða réði yfir tilsvarendi fjárhæð í sparisjóði bankans, enda væri Lárus ábyrgur fyrir greiðslu víxlanna gagnvart bankanum, ef víxilskuldararnir gætu ekki staðið skil á víxlunum, og hefði þetta gilt, þó að Lárus hefði ekki sjálfur ritað nafn sitt á víxlana. Kvað Hilmar Lárus hafa greitt bankanum fjárhæðir víxlanna, er hann var krafinn um þær, í þau fáu skipti, sem á þetta samkomulag hafi reynt. Hilmar kvað Lárus þó ekki ávallt hafa þurft að greiða alla víxilfjárhæðina í það skipti, heldur kunni hann að hafa greitt aðeins afborgun af víxlinum, en víxillinn hafi verið framlengdur að öðru leyti. Hilmar kvað samkomulag þetta hafa verið í gildi áfram, eftir að Lárus varð hæstaréttardómari, þó að hins vegar hafi verið um tiltölulega fáa víxla að ræða, sem hann hafi keypt af Lárusi, eftir að hann var orðinn dómari. Kvaðst Hilmar hafa litið svo á, að þeir víxlar væru nánast eftirstöðvar frá lögmannstíð Lárusar. Ekki kvað Hilmar hafa verið rætt um það milli þeirra Lárusar, hvort Lárus ætti sjálfur víxla þá, er hann seldi bankanum hverju sinni. Ekki kvaðst Hilmar heldur hafa verið að forvitnast um það, enda hefði það ekki komið honum við. Ekki kvaðst Hilmar muna sérstaklega eftir víxli Ágústs Sigurðssonar, sem fjallað er um í kæru hans, en kannaðist við að hafa samþykkt kaup hans, eins og fram kæmi á kaupbeiðni víxilsins. Ekki kvaðst Hilmar geta sagt um, hvort Lárus hefði sjálfur komið með víxillinn í bankann, en samkvæmt gestabók bankans hefði Lárus ritað nafn sitt í hana hinn 23. febrúar 1961, þ. e. sama dag og víxillinn var keyptur, og bentu líkur til, að Lárus hefði sjálfur komið með víxillinn og talað við sig, og hefðu kaup víxilsins verið samþykkt í sama skiptið. Ekki kvaðst Hilmar muna eftir, að Ágúst Sigurðsson hefði rætt við hann um víxillinn eða í nokkru öðru skyni, en ekki vildi hann þó rengja frásögn Ágústs um það. Hilmar kvaðst hafa látið af bankastjórn í ársbyrjun 1962 og kvað sér ekki kunnugt um, hvort Lárus Jóhannesson hefði verið krafinn um greiðslu 150 þúsund króna víxilsins. Hann kvað þetta þó hafa átt að gera samkvæmt samkomulagi þeirra. Hefði Tryggvi Pétursson, aðalfulltrúi víxladeildar bankans, átt að vita um þetta samkomulag. Hilmar kvaðst aldrei hafa keypt víxil af Jóhannesi, syni Lárusar, og ekki kvað hann sig og Jóhannes hafa átt nein viðskipti saman.

Ágúst Fjeldsted, formaður Lögmannafélags Íslands, skýrði svo frá fyrir sakadómi Reykjavíkur, að einhvern tíma á árinu 1962 hefði komið til sín roskinn maður og skýrt sér frá, að hann hefði átt í fasteignakaupum og lent í fjárhagsörðugleikum út af þeim. Hefði hann orðið að taka lán, sem hann hefði fengið hjá eða fyrir milligöngu Jóhannesar Lárussonar, og minnti Ágúst, að maðurinn hefði sagt, að lánsfjárhæðin hefði verið kr. 150.000.00. Kvað Ágúst manninn hafa sagt, að stór afföll hefðu verið tekin af láninu, og hafi hann ef til vill nefnt kr. 65.000.00 í því sambandi. Kvað Ágúst manninn hafa beðið sig um aðstoð til að fá þetta leiðrétt. Ekki kvað Ágúst þetta hafa verið neina kæru, heldur ósk um, að þessu yrði kippt í lag. Kvað Ágúst sig minna, að hann hefði innt manninn eftir gögnum í málinu, en hann muni engin hafa haft. Ágúst kvaðst nú skömmu síðar hafa átt tal við Jóhannes Lárusson og skýrt honum frá erindi mannsins og innt hann eftir því, hvort frásögn mannsins væri rétt. Kvað Ágúst Jóhannes ekki hafa kannast við, að þetta væri rétt. Kvað hann Jóhannes hafa sagt það rétt vera, að hann hefði haft milli-göngu um að útvega manninum lán, að fjárhæð kr. 150.000.00, og að aðeins hefði verið tekinn venjulegur kostnaður í sambandi við lántökuna, og hafi Jóhannes í þessu sambandi talið upp einhverja liði, sem Ágúst mundi ekki nánar frá að greina, en sem hann kvað hafa verið eðlileg gjöld af slíku láni. Ágúst kvað sér hafa virzt Jóhannes vera sár út af sögusögn mannsins, og hafi hann óskað eftir því að fá að tala við hann. Ágúst kveður nú manninn hafa talað við sig skömmu síðar. Kvaðst hann hafa sagt honum, að Jóhannes hefði ekki viðurkennt að hafa tekið afföll af láninu. Jafnframt kvaðst Ágúst hafa sagt manninum, að Jóhannes óskaði eftir að tala við hann. Kvaðst Ágúst síðan ekki haft heyrt frá manninum aftur og kvaðst ekki hafa heyrt það, fyrr en hann hafi lesið það í blaði, að Jóhannes hefði greitt manninum kr. 6.000.00 og síðar kr. 1.000.00.

Við rannsókn þá, sem fram fór fyrir sakadómi Reykjavíkur, kom fram kvittun, þar sem Ágúst Sigurðsson viðurkendi að hafa fengið andvirði umrædds 150.000.00 víxils greitt að fullu. Ekki mundi Ágúst sérstaklega eftir að hafa undirritað kvittun þessa, en vildi þó ekki rengja, að svo hefði verið, og hefði það þá verið, er hann tók við 76.000.00 krónunum. Hins vegar tók Ágúst það fram, að þó hann hafi undirritað kvittun þessa, sé sannleikurinn sá, að hann hafi aðeins fengið kr. 76.000.00 af víxilfjárhæðinni.

Í þinghaldi hinn 1. þ. m. kom fyrir dóm sem vitni í máli þessu Magnús Jónsson, bankastjóri Búnaðarbanka Íslands. Lagði lögmaður stefndu fram á dskj. nr. 44 eftirfarandi spurningar til vitnisins:

Í sakadómi Reykjavíkur 12. september 1963 skýrði Hilmar Stefánsson, fyrrv. bankastjóri, frá eftirfarandi sem vitni:

„Vitnið skýrir frá því, að á liðnum árum hafi það keypt f. h. Búnaðarbanka Íslands marga víxla af Lárusi Jóhannessyni, nú hæstaréttardómara. Keypti vitnið víxlana samkvæmt gildandi samkomulagi við hann um, að hann hefði sjálfur ráð yfir tilsvarendi upphæð í sparisjóði bankans, enda væri Lárus ábyrgur fyrir greiðslu víxlanna gagnvart bankanum, ef víxilskuldararnir gætu ekki staðið skil á víxlunum, og gilti þetta, þó að Lárus hefði ekki ritað sjálfur nafn sitt á víxlana.“

Óskað er svars við neðangreindum spurningum:

1. spurning:

Var vitninu kunnugt um samkomulag það milli stefnanda og Hilmars Stefánssonar, fyrrv. bankastjóra, sem hér um ræðir.

2. spurning:

Vill vitnið gera svo vel að skýra réttinum frá því, hvað almennt er átt við, þegar talað er um, að viðskiptamaður banka hafi „víxlakvóta“ við bankann.

3. spurning:

Á hvaða gengi kaupir Búnaðarbankinn a) ríkistryggð skuldaþréf, b) fasteignatryggð skuldaþréf, ef hann kaupir þau á annað borð.

4. spurning:

Var vitninu kunnugt um það, meðan það var bankastjóri samtímis Hilmar Stefánssyni, að Hilmar keypti víxla, sem komnir voru frá Jóhannesi Lárussyni hrl.

5. spurning:

Er það rétt, að gerð hafi verið, eftir að blaðaskrifin hófust, sérstök athugun innan Búnaðarbankans á víxlum og verðbréfum, sem bankinn hafði keypt af Lárusi Jóhannessyni og enn voru í bankanum.

6. spurning:

Hefur vitnið f. h. Búnaðarbankans keypt víxla á þriðja mann af stefnanda, meðan hann gegndi starfi hæstaréttardómara?

7. spurning:

Er það rétt eftir haft, sem fram kemur í frásögn „Frjálstrar þjóðar“ af viðtali við vitnið haustið 1963, að vitnið hafi stöðvað

viðskiptavíxla- og verðbréfakaup stefnanda við Búnaðarbankann með öllu, er Hilmar Stefánsson lét af bankastjórarstarfi sínu? 8. spurning:

Veit vitnið um fleiri vanskilavíxla, sem stefnandi hefur leyst til sín samkvæmt samkomulaginu við Hilmar Stefánsson en víxil Ág. Sigurðssonar og, ef svo er, hverja fleiri víxla hefur stefnandi innleyst?

Tók dómari síðan spurningarnar ex officio til athugunar um það, hvort þær verði lagðar fyrir vitnið.

Samkvæmt ákvæði 3. mgr. 56. gr. laga nr. 115/1941 eru bankastjórn og starfsmenn Búnaðarbanka Íslands bundin þagnarskyldu um allt það, er snertir hagi viðskiptamanna bankans, sem þeir fá vitneskju um vegna starfsemi sinnar við bankann. Það þykir bera að skilja ákvæði 1. mgr. 128. gr. sbr. 126. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði svo, að dómara beri að gæta þess af sjálfsdáðum, að ekki verði lagðar fyrir vitni spurningar, sem ljóst er, að varði þagnarskyldu þess. Það verður að telja, að þagnarskylda starfsmanna Búnaðarbanka Íslands taki til alls þess, er lýtur að skiptum viðskiptamanna við bankann. Spurningarnar nr. 1 og 4—8 á dskj. nr. 44 fjalla um atriði í viðskiptum stefnanda og annars tiltekins aðilja við bankann. Þykir ljóst, að vitneskju þá, sem vitnið kann að hafa um atriði þessi, hefur það fengið í starfi sínu sem starfsmaður bankans. Stefnandi og Jóhannes Lárusson hafa ekki veitt samþykki sitt til þess, að vitnið svari spurningum þessum. Ekki liggur fyrir samþykki yfirstjórnar Búnaðarbanka Íslands til þess, að vitnið svari spurningunum. Að svo vöxnu máli þykir dómaranum rétt að synja um það af sjálfsdáðum að leggja spurningarnar nr. 1 og 4—8 á dskj. nr. 44 fyrir vitnið.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp úrskurð þenna.

Úrskurðarorð:

Spurningarnar nr. 1 og 4—8 á dskj. nr. 44 verða ekki lagðar fyrir vitnið Magnús Jónsson.